

§ 1 Gildissvið

(1) Við slys sem fellur undir samninginn sem gerist á ferðalagi erlendis greiðum við aukalegar bætur.

(2) Ferðalög erlendis teljast ferðalög utan Sambandslýðveldisins Þýskaland. Aukalegu bæturnar gilda ekki í löndum þar sem hinn tryggði á lögheimili sitt eða varanlegan dvalarstað.

(3) Þeir sem tilgreindir eru í UnfallCard geta gert tilkall til bótanna.

(4) Aðeins er hægt að gera tilkall til bótanna fram að gildistímanum sem tilgreindur er í UnfallCard.

§ 2 Bætur vegna aðstoðar

(1) Hægt er að hafa samband við okkur símleiðis allan sólarhringinn allt árið í gegnum neyðarsímanúmer okkar. Þegar um læknisfræðilegar spurningar er að ræða njótum við ráðgjafar læknateymis.

(2) Bætur vegna aðstoðar í þessum skilningi eru:

a) Við gerum aðstandendum viðvart ef óskað er. Þegar um alvarlegustu meiðsl er að ræða gera lækni eða umönnunarfólk viðvart þegar upplýsingar liggja fyrir í það símanúmer sem tilgreint er á UnfallCard-skírteininu. Ef ekkert slíkt er tiltekið reynum við að hafa upp á aðstandendum með öðrum hætti.

b) Við veitum ráðgjöf varðandi innlögn hins slasaða á besta mögulega sjúkrahús. Í því skyni tilgreinum við það sjúkrahús sem næst er. Við veitum upplýsingar um núverandi þjónustuflokka og kostnað þeirra. Ef nauðsyn krefur höfum við samband við sjúkrahúsið og ræðum þá innlögn sem sjúklingur óskar eftir.

c) Við höfum samband við meðferðarlækni í innlagnarmeðferð og gerum þar grein fyrir afleiðingum áverkanna, fyrirhugaðri meðferð og þeim bata sem vonast er eftir. Við veitum hinum slasaða upplýsingar á móðurmáli hans.

d) Ef við teljum það læknisfræðilega nauðsynlegt skipuleggjum við heimflutningur sjúklings til sjúkrahúss í Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Að höfðu samráði við meðferðarlækni veljum við flutningstækið, tökum ákvörðun um hugsanlega fylgdarmenn og ákvörðum áfangastað og tíma heimflutnings.

e) Glatist persónuskilríki eða ef tryggingar er krafist svo af heimferð geti orðið veitum við svofellda aðstoð:

við aðstoðum við að leggja fram tryggingu, við öflun varaeyntaka gagnanna og útnefnum, eftir því sem við verður komið, þýsku- eða enskumælandi lögmenn.

§ 3 Aukalegar fjárgreiðslur

Í tryggingartilviki samkvæmt § 1 tökum við að okkur:

(1) aukalegan nauðsynlegan heimferðar- og/eða dvalarkostnað ólöggráða barna og sambýlismanns.

(2) Ef um er að ræða að minnsta kosti 10 daga sjúkrahúsdvöl erlendis af völdum slyss, kostnað vegna heimsóknar og gistingar nákomins ættingja hins tryggða.

(3) Við tökum að okkur ferðakostnað fyrir

- lestarferðir á 2. farrými;
- flug á Economy-Class-farrými, ef lestarferð myndi vara lengur en í 10 klukkustundir;
- önnur opinber samgöngutæki.

(4) Gistikostnað samkvæmt § 3 (2) að upphæð allt að 60 evrum fyrir hvern sólarhring innlagnarmeðferðar, þó í mesta lagi í 2 vikur.

§ 4 Hækkun váttryggingarfjárhæða slysatryggingar

Um þá sem tilgreindir eru með nafni í UnfallCard:

(1) Við slys erlendis hækkar váttryggingarfjárhæð björgunarkostnaðar um 10.000 evrur.

(2) Meðtryggðir sjúkrahúsdagpeningar við lækningameðferð með innlögn erlendis telst tvöföld; þeir nema - samtals, ef um marga samninga er að ræða - að lágmarki 30 evrum fyrir 1.-3. dag, frá og með 4. degi að lágmarki 60 evrum.

§ 5 Ráðgjöf vegna læknisfræðilegra spurninga

Áður en haldið er í utanlandsferð afhendum við, ef óskað er, ábendingar læknis varðandi lyf og lækningavörur sem og upplýsingar um ráðlagðar bólusetningar í forvarnaskyni.

§ 6 Bótaskylda við greiðslur bóta úr slysatryggingu

Ef við greiðum bætur samkvæmt §§ 2, 3 eða 4 merkir það ekki að við séum bótaskyld vegna frekari bóta. Þar ráða mestu viðkomandi bótategundir Allianz AUB/Allianz AB sem í gildi eru.